
Fundur stjórnar foreldrafélags Heilsuleikskólans Suðurvalla
20.08.2021

Mættir eru: Inga Sigrún Baldursdóttir, Elísa Fönn Grétarsdóttir, Bjarki Þór Wíum Sveinsson og Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir tengiliður leikskólans.

1. Elísa Fönn gaf kost á sér í hlutverk formanns og Bjarki Þór í hlutverk ritara. Enn á eftir að skipa gjaldkera.
2. Umræða um innheimtu gjalda og ákveðið að það þurfi að senda þau út sem fyrst. Nýr gjaldkeri þarf að fá aðgang að heimabanka félagsins og senda út greiðsluseðla.
3. Farið yfir hlutverk og starf foreldrafélagsins og hvað væri framundan í starfinu.
4. Ákveðið að athuga með leiksýninguna Björt og jólasveinarnir sem Þórdís Arnljótsdóttir flytur. Elísa Fönn ætlar að hafa samband við hana og athuga með dagsetningar fyrir sýningu.
5. Umræða um bækur í pakka frá jólasveininum. Ákveðið að allir skoði hvað er í boði hjá forlögum og söluaðilum og það verði svo tekin ákvörðun á næsta fundi.
6. Búin til hópur á Messenger til að auðvelda samskipti innan stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ragnhildur Hanna